

Skýrsla tómsfundarfulltrúa Starfsárið 2016-2017

Starfsemi Þrykkjunnar skiptist í tvennt, þ.e.a.s starf fyrir 5.-6. bekk og svo unglíngastig eða 8.-10. bekk. Í ár var opið þrisvar í viku fyrir yngri hópinn (opnunum fjölgað vegna mikillar eftirspurnar).

7. bekkur er sér á parti, vegna þess að þeir eru of fullorðnir fyrir yngri krakkana, en ekki nógu fullorðnir fyrir þá eldri. Þetta hef ég heyrt ítrekað frá kennurum og nemendum. Helsta lausnin á þessu er hreinlega að gefa þeim sinn eigin tíma og bjóða síðan upp á stærri viðburði kannski einu sinni í mánuði í samvinnu með eldri nemendum. Þau fengu sér tíma á þriðjudögum kl. 14:30-16:00, en það hafði verið opið fyrir 5.-7. Bekk (en enginn úr 7. Bekk vildi mæta).

Á unglíngastigi er opið á mánudags- miðvikudags- og föstudagskvöld frá 20:00-22:00. Á árum áður hefur Þrykkjuráð tekið virkan þátt í skipulagi á dagskrá og kemur að undirbúning og framkvæmd viðburða. Þetta var mikið ströggil í vetur og ráðið hefur ekki verið mjög virkt. Þannig hefur skipulag og framkvæmd á viðburðum fallið mestmegnis á forstöðumann Þrykkjunnar.

Í ár starfaði einn klúbbur: Stíll hönnunarklúbbur (byrjaði fyrir áramót og stóð til 17. febrúar).

Auglýstir voru: Bókaklúbbur en hann hefur verið starfræktur síðustu tvo vetur. Einnig var reynt að koma á laggirnar Dungeons and Dragons spunaspil-klúbb. Þetta var spil sem Guðjón Örn Magnússon hafði kynnt og kennt í Heppuskóla. Hann kom í Þrykkjuna og kynnti spilið frekar fyrir rúmlega tuttugu nemendum. Ekki virtist þó vera áhugi fyrir þessum klúbbum, þrátt fyrir auglýsingar var engin mæting í þá eftir fyrsta kynningarfund.

Auk starfsemi Þrykkjunnar kom tómsfundarfulltrúi að starfsemi ungmennaráðs og félagi eldri borgara.

Veigamesta verkefni ungmennaráðs var og er að koma á laggirnar ungmennahúsi.

Vinna með félagi eldri borgara snéri aðallega að því að reyna að finna flöt fyrir samstarfi á milli eldri borgurum í Ekrinni og ungu fólki.

Dagskrá unglíngastigs Þrykkjunnar 2016-2017 (8.-10. Bekkur):

31. október - Formleg opnun með Hrekkjavökupema

Sýndum The Gremlins fyrir 30-40 nemendur. Þrykkjuráðið skreytti Þrykkjuna.

18. nóvember - Súkkulaði-Pool-Mót

Opið hús með áherslu á Súkkulaði-Pool-Mót. Þáttakendur koma með súkkulaðistykki sem fer í pott. Sigurvegari kvöldins tók allt með heim. Mæting rúmlega tólf nemendur.

23. nóvember - FIFA-Mót

FIFA fótoltamót í PS4 og PS3.

9. desember- Strákakvöld

Sýnd var stórmyndin 'Step Brothers'. Mæting var rétt rúmlega tíu drengir

16. desember - Stelpukvöld

Pizza og sýning á 'Clueless'. Mæting var rúmlega tuttugu stúlkur.

9. janúar - 23. Janúar: Harry Potter maraþon

Fyrsta kvöld af Harry Potter maraþoni. Það spannaði alls átta kvöld. Mæting var í mesta lagi tólf, stundum rétt rúmlega fjórir nemendur.

20. janúar - Brjóstsykursgerð

Fyrir 8.-10. bekk og kostaði 500 kr inn. 12-14 nemendur mættu. Helgi Sæmundsson var gestakennarinn okkar og stóð sig mjög vel.

23. janúar - Dungeons and Dragons kynning

Kynning á Dungeons & Dragons spunaspilinu uppi á efstu hæð Vöruhússins - en það er Guðjón Örn Magnússon kennari sem stóð fyrir því. Lagt var til að hópurinn hittist aftur viku síðar. Mæting var á bilinu 20-30 nemendur úr 8.-10. Bekk.

25. janúar: Söngvakeppni í Sindrabæ

Forkeppni fyrir SamAust söngvakeppnina. Alls komu fram sjö atriði. Fullt hús af fólki mætti.

Dómnefnd: Villi Magg, Kristjón, Erna Gísla og Salóme Morávek.

Sigurður Páll tók mikinn þátt og aðstoðaði við uppsetningu á hljóðkerfi fyrir sýningu. Hann var einnig kynnir kvöldins.

Allir þáttakendur fengu þáttökuverðlaun: Eina rós.

27.-28. Janúar: LAN-Mót

Húsfyllir af strákum komu til að spila tölvuleiki (Tuttugu nemendur). Rúmlega tíu strákar mættu sem ég hef sjaldan séð mæta í Þrykkjuna.

30. Janúar: Kökukeppni

Fjögur lið kepptu. Mætingin var rúmlega tólf krakkar.

10. febrúar - SamAust Söngvakeppni á Fáskrúðsfirði

Fyrsta hópferð ársins. Þátttaka: Hversu margir.

Hafdís Ýr og Steinunn Erla tóku þátt í söngvakeppninni

Rútuferðin var skipulögð í samráði við Guðbrand.

Starfsfólk í ferðinni var Óskar Bragi, Adisa og Kristinn.

14. febrúar: Valentínusarkvöld

Sýndum 'The Notebook' og buðum upp á cupcakes sem Adisa bakaði og skreytti.

Síðasta vetur tók Þrykkjuráðið þátt í að baka fyrir svona viðburð og einnig búa til

valentínusarpoka sem í voru súkkulaðimolar og ástarmiðar. Í ár var engin þátttaka frá ráðinu þrátt fyrir ítrekaðar óskir um þátttöku þeirra frá tómstundarfulltrúa.

17. febrúar: Lokaundirbúningur fyrir STÍL forkeppnina

Stelpurnar fóru í búningana, förðuðu sig og löguðu hár. Síðan var myndataka og pizza á eftir.

18. febrúar: Forkeppni fyrir STÍL í Nýheimum

Sunna Guðmundsdóttir sá um að halda utan um verkefnið. 7 módel komu fram. En bak við þær stóðu 22 stúlkur hönnuðir. Þema keppninar í ár var Gyðjur og goð. Dómnefndin skipaði: Anna Björg textílkennari, förðunarfræðingur, Guðrún Ásdís atvinnuráðgjafi og verkefnastjóri hjá SASS og eigandi GASTU vörulínunnar, Sigurður Páll tónlistar- og myndlistakennari og Ragnheiður aðalhönnuður og sköpunargyðja Millibör. Hafdís Ýr kom fram, söng og spilaði á ukulele á meðan beðið var eftir úrskurði dómnefndar.

20. febrúar – 24. Febrúar: Star Wars maraþon

Upphaflegt plan var að sýna Star Wars myndir. Engin mæting var á mánudagskvöldið. Á miðpvikudagskvöldið var betri mæting, en hópurinn ákvað að hætta við að sýna mynd og nemendur spiluðu pool, þythokki og PlayStation. Föstudagskvöldið fell niður vegna árshátíðar starfsmanna sveitarfélags Hornafjarðar.

3. mars: Just-Dance Súkkulaði-Pool-Mót

Just-Dance leikurinn í Wii-leikjatölvunni.
Mæting: 12-14 nemendur.

24. - 25. mars – Samfestingurinn í Reykjavík

Áætlað að lagt verði af stað kl. 9 um morguninn með 20 nemendur.
Gist verður í Kópavogsskóla. Á föstudaginn kl. 19 er ball í Laugardalshöll.

31. mars: Innilegan í Heppuskóla – Síðasta opnun Þrykkjunnar vorið 2017

Gist yfir nótt í Þróttahúsi Heppuskóla. Brugðið á marga leiki, einsog skotbolta, Fáránleika, Just Dance, sýndar bíómyndir og boðið upp á pizzu.

1. apríl – Þrykkjan lokar fram á næsta haust vegna endurbóta og breytinga á húsnaði hennar.

Mars 2017

Óskar Bragi Stefánsson
Tómstundafulltrúi.